

mannaeyjum og hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis við akstur nefndrar bifreiðar í umrætt sinn, og hefur ákærði með því gerzt sekur um brot á öllum þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir og þar eru rétt tilgreind, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Þá er ákærði sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og er sú bráðabirgðaökuleyfissvipting jafnframt felld úr gildi.

Þá þykir rétt, að ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ásmundsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 78/1971. **Böðvar Páll Ásgeirsson**

(Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarstjórnar

(Jón G. Tómasson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1971. Krefst hann þess, að nafn hans verði

skráð á kjörskrá í Reykjavíkurborgardæmi við alþingiskosningar, sem fram eiga að fara 13. júní 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, brestur áfrýjanda það skilyrði til kosningaréttar, að hann eigi lögheimili hér á landi, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, en undantekningarákvæði 3. mgr. 2. gr. og 10. gr. sömu laga eiga hér eigi við. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. júní s.l., hefur Böðvar Ásgeirsson, sem telur sig til heimilis að Hjaltabakka 18 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til þess að vera á kjörskrá í Reykjavíkurborgardæmi í alþingiskosningum þeim, sem fram eiga að fara þann 13. júní 1971. Málskostnaðar er ekki krafizt.

Stefndi hefur látið sækja þing og samþykkt fyrirtöku málsins, en mótmælt kröfugerð stefnanda.

Málavextir eru þeir, að nafn stefnanda var ekki tekið á kjörskrá þá í Reykjavík, sem gilda á við alþingiskosningar 13. júní 1971.

Fullt nafn stefnanda er Böðvar Páll Ásgeirsson, og er hann fæddur í Reykjavík 11. febrúar 1941, og er þjóðskrárnúmer hans 1491-8841.

Stefnandi kveður sig frá fæðingu hafa átt heimili í Reykjavík og vilji hafa þar lögheimili sitt, sem hann telur vera að Hjaltabakka 18 hér í borg, en hann er þinglesinn eigandi íbúðar í því húsi. Stefnandi er kvæntur Grétu Maríu Sigurðardóttur, og eiga þau 4 börn. Stefnandi hefur sveinsréttindi í trésmíði.

Stefnandi segir, að mestallt árið 1969 hafi ríkt mikið atvinnuleysi í starfsgrein sinni hér á landi. Atvinnuleysi þetta hafi mjög bitnað á honum og hafi valdið því, að hann hafi verið í hættu með íbúð sína. Hann hafi þá leitað fyrir sér um atvinnu í Svíþjóð og fengið tilboð um vinnu í starfsgrein sinni til tveggja ára. Að því tilboði fengnu hafi hann tekið saman búslóð sína, komið

henni fyrir í íbúðinni að Hjaltabakka 18 og farið síðan utan ásamt fjölskyldu sinni í október 1969. Hann hafi undirritað samnorræna flutningstilkynningu 9. október 1969, eða 9 dögum eftir gildistöku hins samnorræna samnings. Hann kveðst nú dveljast að Norbäcksgatan 30 í Malmö í Svíþjóð. Flutningsvottorð stefnanda og fjölskyldu hans liggur frammi í málinu. Flutningsvottorð þetta er í samræmi við auglýsingu um aðild Íslands að Norðurlandasamningi um almannaskráningu frá 24. febrúar 1969 og auglýsingu um flutning manna milli Íslands og annarra Norðurlanda frá 22. september 1969. Ákvæði auglýsingar þessarar komu til framkvæmda 1. október 1969, sbr. 10. gr. auglýsingarinnar.

Stefnandi hefur sérstaklega á það bent, að hann hafi ekki farið af landi burt í október 1969 í því skyni að flytjast búferlaflutningi til annarra landa, heldur hafi hann farið í tímabundna atvinnu til Svíþjóðar, þar sem hann hafi viljað fá borgið sér og fjölskyldu sinni með aflahæfi sínu í þeirri starfsgrein, sem hann hefur sérkunnáttu í. Að loknum 2ja ára starfstíma sínum í Svíþjóð muni hann koma heim með fjölskyldu sína og taka þá að búa í íbúðinni að Hjaltabakka 18. Hann vilji búa á Íslandi og eiga þar lögheimili. Hann telji sjálfur, að tengsl sín við Ísland hafi ekki rofnað vegna þessarar atvinnuleitar sinnar í Svíþjóð um 2ja ára skeið á þann hátt, að niður falli dýrmæt réttindi sín, sem fólgin eru í kosningarréttindum til Alþingis.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að eðli dvalar hans í Svíþjóð ætti að vega þyngra varðandi hinn stjórnaðsráðbundna kosningarrétt hans heldur en þröngar lögskýringar á formsákvæðum laganna um lögheimili.

Var því haldið fram, að þröng lögskýring á ákvæðum 10. gr. laganna um lögheimili og ganályktun frá upptalningu þeirri, sem í greinni er gerð, sé ekki heimil í máli sem þessu.

Þá var því haldið fram, að hinn samnorræni samningur geri ráð fyrir því, að norrænn maður geti ekki átt lögheimili nema á einum stað á Norðurlöndum og hin samnorræna tilkynning eigi að koma í veg fyrir annað. Þetta þýði, að samkvæmt samningnum hafi stefnandi ekki getað setzt að í Svíþjóð til tímabundinnar atvinnu sinnar öðru vísi en að telja sitt lögheimili þar, meðan hann dveldist þar. Þetta hafi alfarið verið gegn eindregnum vilja hans.

Þá var því haldið fram, að samningur þessi hafi verið staðfestur af Íslands hálfu með löglegum hætti, birtur í Stjórnartíðindum

á sínum tíma, en hins vegar á það bent, að samningur þessi sé stjórnvaldsráðstöfun. Hann hafi aldrei verið borinn undir Alþingi og hafi þess vegna ekki lagagildi sem slíkur, hins vegar sé hann gildur að ríkisrétti, en þó einvörðungu sem stjórnvaldsráðstöfun, þ. e. a. s. samningur milli ríkisstjórna allra Norðurlandanna. Því sé hér harðlega mótmælt, að íslenskt stjórnvald geti með samningi þessum gert að skilyrði gagnvart Íslendingi, að hann afsali sér þýðingarmiklum stjórnarskrárvernduðum réttindum eins og kosningarrétti til þess eins að geta leitað sér tímabundinnar atvinnu í öðru Norðurlandi. Rétt sé að benda á, að auðvitað fái stefnandi ekki kosningarrétt í Svíþjóð og Svíi, sem hingað kæmi í atvinnuleit, fengi þrátt fyrir hina samnorænu tilkynningu að halda kosningarrétti sínum í Svíþjóð.

Þá var það tekið fram, að faðir stefnanda, sem gæta átti að því, hvort stefnandi væri á kjörskrá eða ekki, hafi ekki komið upplýsingum um þetta atriði til stefnanda, fyrr en kærufrestur til borgarstjórnar hafi verið liðinn.

Af hálfu stefnda var á það bent, að eins og fram komi hjá stefnanda, hafi hann tilkynnt lögheimili utan Reykjavíkur þann 9. október 1969. Því verði ekki talið, að hann fullnægi ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 52/1959, sbr. einnig ákvæði 10. gr. laga nr. 35/1960. Einnig var á það bent af hálfu stefnda, að í dreifibréfi dómsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna um samning kjörskrárstofna 1971, dags. 10. febrúar 1971, sé þar tekið fram, að einstaklingar, sem samkvæmt upplýsingum þjóðskrár séu í atvinnu í einhverju hinna Norðurlandanna og hafi tilkynnt flutning samkvæmt samnorænu flutningsvottorði eftir 1. október 1969, skuli ekki teknir á kjörskrá þar. Máli sínu til stuðnings hefur stefndi lagt fram ljósrit af dreifibréfi dómsmálaráðuneytisins.

33. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar“.

Kosningarréttarskilyrðin er svo ítrekuð í 1. gr. laga nr. 52/1959, eins og þeim var breytt með lögum nr. 48/1968. Ekki er hér deilt um önnur kosningarréttarskilyrði en þau, hvort stefnandi eigi hér lögheimili, þannig að það eigi að taka hann á kjör-

skrá. Skýringu ákvæðis stjórnarskrár og kosningalaga um lögheimili þykir verða að byggja á lögum um lögheimili nr. 35/1960. Þessu þykir ekki breyta á neinn hátt samningur Norðurlandanna um almannaskráningu né auglýsing sú, sem áður hefur verið vitnað til frá 22. september 1969 um almannaskráningu við flutning milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Í 2. gr. laga nr. 35/1960 kemur fram aðalreglan um lögheimili. Þar segir, að lögheimili manns sé þar, sem hann á heimili. Heimili manns sé sá staður, þar sem hann hefur bækistöð eða dvelst að jafnaði á í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Samkvæmt þessu á 2. gr. laganna ekki við stefnanda, og þar sem 10. gr. laganna um undantekningar vegna þeirra, sem dvelja erlendis, né aðrar reglur laganna þykja við hann eiga, þá verður ekki talið, að hann eigi lögheimili hér á landi.

Kröfu stefnanda er því synjað.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Böðvars Ásgeirssonar, um, að stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, verði gert að taka hann á kjörskrá í Reykjavíkurborgardæmi í alþingiskosningum þeim, sem fram eiga að fara 13. júní 1971, er synjað.
